# Múlaþing
# Byggðarmerki

## Hönnunarstaðall

# Inngangur

Hönnunarstaðall þessi setur ramma utan um notkun byggðarmerkis Múlaþings í prent- og kynningar-málum sveitarfélagsins.

Hönnunarstaðallinn er leiðbeinandi tæki fyrir starfsfólk Múlaþings sem og aðra er koma að kynningarmálum, rafrænt sem og prentuðum.

Hönnunarstaðallinn er ekki tæmandi og ef vafa-atriði koma upp varðandi notkun byggðarmerkisins skal hafa samband við kynningardeild Múlaþings.

Múlaþing, er sveitarfélag sem til varð 4. október 2020 með sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Nýtt byggðarmerki var valið eftir merkjasamkeppni í desember 2020. Höfundur verðlaunatillögunnar er Grétu V. Guðmundsdóttir.

# Byggðarmerki Múlaþings

Byggðarmerki Múlaþings er samsett úr fjórum flötum sem standa fyrir hin fjögur sameinuðu sveitarfélög.
Einn fjórðungur merkisins eru útlínur Múlakolls sem er fremsti hluti Þingmúla sem var einn helsti samkomu- og þingstaður Austfirðinga til forna og eru Múlasýslurnar nefndar eftir honum. Þar liggja og rætur nafns hins nýja sveitarfélags. Annar fjórðungur táknmálsins er eins konar framtíðartákn hins óborna, endurnýjunar og hringrásar. Horft er til dagsbrúnar frá Héraðsflóa og Borgarfirði eystri í áttina þaðan sem sólin rís. Þriðji fjórðungurinn er horn hreindýrsins sem tákna mikilfengleika og tign, greind og útsjónarsemi. Það undirstrikar sérstöðu svæðisins. Það fjórða eru svo tindarnir, útverðirnir, hinir tignarlegu fjallgarðar Austurlands, útlínur Búlandstinds, gætu allt eins verið með góðum vilja hinn heilagi Strandatindur.

# Byggðarmerki Notkun

Skjöldur Múlaþings er notaður einn og sér eða með heiti sveitarfélagsins. Í lit, svartur eða hvítur.

Nota skal merkið í lit sé þess kostur.

Sveitarfélagið Múlaþing notar merki Múlaþings á öll gögn, auglýsingar, kynningar, útgáfur og ytri merkingar til að auðkenna starfsemi Múlaþings.
Fylgja skal þessum hönnunarstaðli og ekki má í neinum tilvikum breyta litum merkisins.

Byggðarmerki Múlaþings má ekki fella inn í önnur merki, tákn eða letur.

Fylgt er reglugerðum um byggðarmerki:
https://www.hugverk.is/sites/default/files/2019-11/byggdarmerki.pdf

Mappa með öllum útgáfum merkisins er hjá skrifstofu sveitarfélagsins eða til niðurhals á heimasíðu.

PDF / CMYK er fyrir almenna prentun á pappírsgögnum og kynningarefni.

PDF / Pantone er fyrir sérlitaprentun.

JPG og SVG er fyrir stafræna notkun.

PNG er fyrir stafræna notkun
/ transparent bakgrunnur.

# Byggðarmerki
# Útfærslur
# Lit

# Byggðarmerki
# Útfærslur
# Lit á dökkum grunni með hvítum kanti og hvítu letri

Múlaþing

Múlaþing

# Byggðarmerki
# Útfærslur
# Svart hvítt

# Byggðarmerki
# Útfærslur
# Negatíft

# Byggðarmerki
# Útfærslur

Lofta skal um merkið með stærð fernings sem nemur hæð græna flatarins með horninu.



# Byggðarmerki
# Útfærslur
# Litagildi prent

| CMYK | Pantone |
| --- | --- |
| C 100<br>M 90<br>Y 30<br>K 10 | Pantone<br>294 |
| C 80<br>M 0<br>Y 100<br>K 0 | Pantone<br>354 |
| C 0<br>M 0<br>Y 100<br>K 0 | Pantone<br>803 |

# Byggðarmerki
# Útfærslur
# Litagildi skjá

| | |
|---|---|
| #253A72 | R37 G58 B114 |
| #0DB04B | R13 G176 B75 |
| #FCEE1D | R252 G238 B29 |